

## Jafnréttisstefna

Stefna félagsins er að gæta jafnréttis í starfi sínu. Hver einstaklingur á rétt á að vera metinn af verðleikum sínum, óháð uppruna, þjóðfélagsstöðu eða kyns svo eitthvað sé nefnt og á það meðal annars við um aðstöðu, fjármagn og þjálfun.

Samþætting er hugtak yfir aðferð sem notuð hefur verið af íþróttahreyfingunni til þess að jafna stöðu kynjanna. Aðferðin byggist á því að samþætta sjónarhorn kynferðis inn í allt starf. Jafnréttismál verða þannig ekki afmarkaður málaflokkur heldur eðlilegur hluti í allri stjórnsýslu, þar sem jafnréttismál er mál samfélagsins í heild en ekki eingöngu kvenna eða karla. Fimleikafélagið hefur samþættingu að leiðarljósi í starfsemi sinni.

Æfingar hjá iðkendum í þremur af fjórum deildum félagsins, þ.e.

almenningsíþróttadeild, klifurdeild og taekwondodeild, eru ekki kynjaskiptar. Iðkendur í þessum deildum hafa því jafnan aðgang að aðstöðu, fjármagni og þjálfun, óháð kyni.

Æfingar hjá iðkendum í fimleikadeild eru kynjaskiptar og eru stúlkur þar í miklum meirihluta. Árið 2002 batnaði aðstaða til munar hjá iðkendum fimleikadeildarinnar en þá var tekinn í notkun nýr og fullkominn æfingasalur búinn fimleikaáhöldum fyrir bæði karla- og kvennaflokka. Væntingar félagsins eru að hlutur karla muni aukast á næstu árum.

Fimleikafélagið Björk var stofnað árið 1951 og hugðist félagið fyrst og fremst fara út á þá braut að gera fimleikaiðkun sem almennasta og að konur yngri sem eldri stunduðu þá. Merki félagsins, mynd af konu yfir stöfunum F. Björk, endurspeglar þessa stefnu.

Fimleikafélagið starfar nú á breiðari grunni en við stofnun þess, bæði hefur íþróttagreinum innan þess fjölgað og iðkendur eru nú af báðum kynjum og hefur t.d. taekwondodeild félagsins látið útbúa sérstakt merki fyrir deildina sem byggir á merki félagsins. Stjórn félagsins hefur komið á fót búninganefnd sem er nú að störfum og er eitt af verkefnum nefndarinnar að koma með tillögur að notkun og útfærslu á merki félagsins þannig að það falli vel að starfsemi þess í dag og smekk beggja kynja.